

Umbótaáætlun vegna starfsmannakönnunar vor 2021

Alls voru um 13 sem tóku þátt í könnuninni. Í heildina kemur könnunin vel út og almennt er stór meirihluti ánægður í vinnu og líður vel.

Það er hinsvegar einu sinni, í hverri spurningu, merkt við það neikvæðasta valmöguleikann. Prósentutalan bendir til þess að um eina svörun sé að ræða.

Starfsmannakannanir síðustu ára hafa einnig verið litaðar þessu. Þegar yfirferð er gerð er þetta að sjálfsögðu rætt og hefur starfsmannahópurinn, í hvert skipti verið á þeirri skoðun að þetta sé aðili sem er hættur. Ef þetta er að koma aftur og aftur er þetta greinilega einhver sem er í starfi á Kiðagili og líður ekki vel, finnast yfirmenn ekki góðir, ber ekki traust til yfirmanns, fær ekki uppbyggilega leiðbeiningu og þannig mætti lengi telja.

Reynt hefur verið hið ýtrtasta að upplýsa starfsmannahópinn varðandi hvað sé hægt að gera, við hverja sé hægt að tala varðandi vanlíðan. Einnig hafa verið síðustu ár, teknar inn fræðslur sem lúta að hinu mannlega þætti, bæði hvað varðar eigin heilsu, bæði andlega og líkamlega, hópelfli, gönguferðir og svo mætti lengi telja. Ekkert virðist duga.

Í könnuninni kom einnig í ljós að ekki allir þátttakendur vissu hvert ætti að tilkynna einelti, áreitni, hótanir og/eða ofbeldi á vinnustað. Leiðbeiningar varðandi þetta verða teknar fyrir á starfsmannafundi 09.09 2021.

Umbætur vegna þessarar könnunar eru eftirfarandi:

- Öllum starfsmönnum er kynnt hvert hægt er að tilkynna einelti, áreitni, og/eða ofbeldi.
- Áfram reynt til hið ýtrasta að öllum líði vel á Kiðagili.

Fyrir hönd Öryggisráðs Kiðagils,

Inda Björk Gunnarsdóttir, skólastjóri.